ÞJÓÐVILJINN
MÁLGAGN SÓSÍALISMA VERKALÝÐSHREYFINGAR OG ÞJÓÐFRELSIS
Útgefandi: Útgáfufélag Þjóðviljans
Framkvæmdastjóri: Eiður Bergmann
Ritstjórar: Kjartan Ólafsson, Svavar Gestsson
Fréttastjóri: Einar Karl Haraldsson
Umsjón með sunnudagsblaði: Vilborg Harðardóttir
Ritstjórn, afgreiðsla, auglýsingar: Skólavörðust. 19. Sími 17500 (5 línur)
Prentun: Blaðaprent h.f.

VERKEFNI HANDA VERSLUNARMÁLANEFND

Í útvarpsþætti í fyrrakvöld um málefni verslunarinnar kom meðal annars fram, að gjaldeyrisskil vegna umboðslauna eru miklum mun lægri — mörgum miljörðum — en efni standa til og eðlilegt væri miðað við innflutning. Í framhaldi af þessu er ástæða til þess að krefjast þess að fram fari nákvæm rannsókn á högum heildverslunarinnar. Í sama útvarpsþætti kom fram að formaður Félags ísl. stórkaupmanna er samþykkur því að fram fari hlutlaus rannsókn á högum verslunarinnar. Þjóðviljinn telur augljóst mál að réttast væri að taka formanninn á orðinu: það er þeim mun sjálfsagðara sem slík rannsókn hefur ekki farið fram áður hér á landi. Fyrir nokkrum árum var efnt til rannsóknar á högum verslunarinnar, og átti rannsóknin að ná til allra þátta hennar. Hins vegar fór þá svo að verulegur hluti verslunarinnar skarst úr leik og varð reyndin sú að könnun var aðeins gerð á rekstri matvöruverslunarinnar í Reykjavík. Sú könnun leiddi ýmislegt í ljós ma. að talsverðar upphæðir, raunar miljónatugir, höfðu aldrei komið fram til skatts á vegum þessarar verslunargreinar.

Hefði rannsókninni verið haldið áfram hefði það áreiðanlega leitt fleira í ljós, sem nauðsynlegt er að almenningur viti. Upplýsingarnar um vanskil umboðslaunanna í útvarpsþættinum í fyrrakvöld staðfesta svo sem grunur lék á, að hér er pottur víða brotinn.

Það er ekki síður nauðsynlegt fyrir verslunina en almenning að allar upplýsingar fái að koma fram. Verslunarstarfsemi sem liggur undir sífelldum grun um misferli nýtur ekki trausts almennings.

Nú væri eðlilegt að endurlífga starfsemi verslunarmálanefndar, sem hafði í raun aðeins lokið hluta af verkefni sínu.

— S.

VILL AUKA HLUT VERSLUNARINNAR

Það kom fram í útvarpsþætti í fyrrakvöld að forustumenn verslunarinnar telja að þeir þurfi að fá mjög hækkaða álagningu. Forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga taldi að álagningin þyrfti að hækka um 1 til 2 miljarða á ári. Nú þegar fara um hendur kaupmannastéttarinnar um 8 miljarðar króna í álagningu á ári og alls um 40 — 50 miljarðar ef vörunotkunin er meðtalin. Hér er um gífurlegar upphæðir að ræða, sem nálgast búskap íslenska ríkisins á einu ári. Það er eðlilegt þegar þannig hagar til að almenningur krefjist þess að fá aukna hlutdeild og vitneskju um meðferð þessa fjár áður en ákveðið er að láta enn fleiri miljarða renna eftir sömu brautinni.

Fullvíst er að stór hluti verslunarinnar rakaði saman miljarða fjármagni á síðasta ári vegna aukinnar þenslu og kaupæðis sem stóð svo til allt árið og var magnað upp af málgögnum íhaldsins. Nú er því eðlilegast að stjórnarvöld geri ráðstafanir til þess að veita þessum miljörðum frá betur settum hlutum verslunarinnar til þeirra hluta hennar sem sannarlega eru ver settir.

En það er alvarleg staðreynd þegar verslunarmálaráðherrann lýsir því yfir — án þess að hafa rannsakað hag verslunarinnar til hlítar — að álagningin sé víða óeðlilega lág, sem bendir til þess að hann ætli að hækka álagninguna. Það er alvarleg yfirlýsing á sama tíma og launamenn eru enn að takast á við stjórnvöld um kjör sín; það liggur semsé ekki einasta fyrir að ríkisstjórnin ætli að velta kaupbreytingum út í verðlagið. Það liggur líka fyrir að verslunarmálaráðherrann vill **auka hlut verslunarinnar** í þjóðarbúskapnum á sama tíma og launafólki er gert að bera 3,5 miljarða á mánuði hverjum í kaupmáttarskerðingu.

— S.

KJARVALSSTAÐIR:

Minningarsýning um Guðmund frá Miðdal

Í dag, laugardag, verður opnuð yfirlitssýning á verkum Guðmundar Einarssonar frá Miðdal. Sýningin er að Kjarvalsstöðum, og eru á henni 48 olíumyndir, 25 eirstungur, 42 vatnslitamyndir, 8 túss-, blýantsteikningar og kritarmyndir, 9 höggmyndir og eitthvað af leirmunum.

Guðmundur Einarsson frá Miðdal var fæddur 1895 og lést árið 1963. Hann sótti myndlistanám til þriggja ólíkra skóla:

Fyrst til Stefáns Eiríkssonar í Reykjavík 1911-'13, þá til Konunglega fagurlistaskólans í Kaupmannahöfn og loks til Listaakademíunnar í München á árunum 1921-1925.

Hann lagði jafna stund á málaralist, höggmyndagerð og eristungugerð. Eftir hann liggja að auki teikningar, húsaskreytingar, leirmunir, bækur og steindir gluggar.

Fyrstu verk Guðmundar eru frá árunum 1915-'19 og má þar m.a. nefna gifsmyndir í húsi Nathan & Olsens í Reykjavík auk nokkurra litilla olíumynda, sem sýndar eru á þessari sýningu.

Guðmundur tók fyrsta sinn þátt í myndlistarsýningu með Listvinafélaginu árið 1921. Að loknu námi hélt hann sýningar eða tók þátt í samsýningum með fárra ára millibili í Reykjavík, á landsbyggðinni og erlendis, m.a. í Finnlandi, Bretlandi, Noregi og Þýskalandi.

Ýmis verk Guðmundar eru á opinberum stöðum, gjarnan minnismerki svo sem um Jón Arason biskup, Skúla landfógeta, sjómenn í Vestmannaeyjum og Ólafsvík, margar lágmyndir og brjóstmyndir. Einnig mætti telja húsaskreytingar, til dæmis lágmyndir í Pósthússtræti og á Landspítalanum, glugga í Bessastaða- og Akureyrarkirkju og hvelfingar í Þjóðleikhúsi og Háskóla Íslands.

Þá var Guðmundur brautryðjandi í leirmunagerð hérlendis og notkun íslenskra jarðefna við hana. Listvinahúsið var stofnað sem fyrsta verkstæði sinnar tegundar árið 1927 og starfar það enn í dag.

Allmörg verk listamannsins eru erlendis, sum á söfnum en einnig á alfaravegi. Minnismerki um tónskáldið Sibelius er í Helsinki og árið 1952 prýddu táknmyndir Olympíueldsins og lárviðarins fordyri Olympíusýningarinnar þar.

Sýning þessi er minningarsýning í tilefni þess að Guðmundur hefði orðið áttræður á sumri komanda. Henni er ætlað að vera yfirlitssýning um leið, yfir stílþróun, verkefnaval og viðfang listamannsins.

Aðeins ein olíumyndanna á sýningunni er til sölu en hinar eru allar í eigu yfir fjörutíu aðila, og tók það heilan mánuð að safna þeim saman. Tvær vatnslitamyndir verða til sölu á sýningunni og allar eirristurnar.

Elsta olíumyndin á sýningunni er frá árinu 1922, en þær eru annars málaðar á hinum ýmsu tímum, allt fram til ársins 1961.

Tjónatrygging vegna sýningarinnar nemur 4 miljónum króna.

Sýningin verður opin á sunnudaginn frá 2 til 10, virka daga frá 4 til 10, og stendur hún til 23. mars.

—úþ

Úthlutunarnefnd viðbótarritlauna svarar Halldóri:

Gaf ekkert út '73

Í tilefni af athugasemd Halldórs Laxness, sem fylgir bréfi sextán rithöfunda til Alþingis og menntamálaráðherra vill Úthlutunarnefnd viðbótarritlauna taka fram eftirfarandi: Það er misskilningur að nefndin hafi lýst því yfir í sjónv. að umsókn Halldórs „hefði verið hundsuð vegna þess, að hún hefði verið undirskrifuð af lögfræðilegum umboðsmanni hans," eins og segir í fréttatilkynningu höfundanna. Sami lögfræðilegur umboðsmaður sendi nefndinni upplýsingar um ritverk Halldórs vegna viðbótarritlauna 1973, og hlaut hann þá úthlutun. Orð Bergs Guðnasonar í sjónvarpsþættinum Kastljós 7. febrúar lutu að því einu að aðrir aðilar en höfundar sjálfir, t.d. útgefendur eða lögfræðilegir umboðsmenn, hefðu mátt senda upplýsingar fyrir þeirra hönd. Halldór Laxness er að sjálfsögðu allra rithöfunda maklegastur hvers konar viðurkenningar, en orsök þess að hann hlaut ekki úthlutun að þessu sinni voru þær reglur ráðuneytisins að veitt skyldu viðbótarritlaun fyrir verk, útgefin eða flutt árið 1973. Það ár var gefin út aðeins ein ritgerð eftir Halldór, í Skírni. Þjóðhátíðarrolla hans kom ekki út fyrr en 1974.

Reykjavík 14. mars 1975

Þorleifur Hauksson
Rannveig G. Ágústsdóttir
Bergur Guðnason

Hvítt sement

Höfum nú og framvegis til sölu hvítt sement í Ártúnshöfða (Sævarhöfða 11) verð kr. 625.00 hver 25 kg. poki, með söluskatti.

Sementverksmiðja Ríkisins.

Auglýsingasíminn er 17500 ÞJÓÐVILJINN

Faðir minn

Ósvaldur Knudsen

málarameistari Hellusundi 6 A Reykjavík andaðist fimmtudaginn 13. þ.m.

Vilhjálmur Ó. Knudsen